

Aukið samstarf leikskóla og grunnskóla um eflingu málproska og læsis

Skýrsla starfshóps



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

September 2011

Tillögur starfshópsins

1. **Að samstarfsáætlanir leik- og grunnskóla feli í sér samstarfsverkefni sem miða að því að efla málþroska og læsi.**

Verkefnin byggist á sameiginlegum áherslum beggja skólastiga en taki jafnframt mið af þeim aðferðum í námi barna sem best henta hvoru skólastigi fyrir sig með það að leiðarljósi að leikskólakennarar og grunnskólakennarar læri af vinnubrögðum hvers annars. Litið verði til þeirra verkefna sem þegar er komin reynsla á í leik- og grunnskólum Reykjavíkur. Þá hvetur hópurinn til þess að samstarfsáætlanir þessar nái einnig til frístundamiðstöðva.

2. **Að haldin verði námskeið sem miða að því að hvetja leik- og grunnskóla í sömu hverfum til að taka ný skref í samstarfi um málþroska og læsi.**

Lögð verði áhersla á að kennarar samstarfsskóla á báðum skólastigum sækji námskeiðin saman. Á námskeiðunum verði m.a. kynnt samstarfsverkefni sem þegar hafa gefið góða raun, ásamt rannsóknum og verkefnum sem miða að því að efla málþroska og læsi á báðum skólastigum.

3. **Að skóla- og frístundasvið standi fyrir ráðstefnu um málþroska og læsi á mörkum skólastiga árið 2012, í samvinnu við Menntavísindasvið HÍ.**

Á ráðstefnunni verði lögð áhersla á að fjalla um málþroska og læsi í tengslum við nýjar áherslur í aðalnámskrám beggja skólastiga. Einnig verði horft til áhugaverðra verkefna og rannsókna, jafnt erlendra sem innlendra, sem tengjast málþroska og læsi.

4. **Við næstu úthlutun þróunarstyrkja verði lögð sérstök áhersla á þróunarverkefni sem hafa það að markmiði að auka samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila um málþroska og læsi.**

Litið verði til þeirra grunnþátta menntunar sem fram koma í nýjum aðalnámskrám og verkefnaáætlunar menntaráðs um læsi í víðu samhengi. Sem dæmi um verkefni, sem miða að því að efla málþroska og læsi í víðu samhengi, má nefna tölvutengd samstarfsverkefni þar sem nútíma samskipta- og tölvutækni er notuð, verkefni þar sem unnið er með málþroska og læsi í útikennslu og þau tengd umhverfis- og náttúrulæsi eða samstarfsverkefni sem miða að því að tengja nærumhverfið, menningu og daglegt líf við málþroska og læsi barna.

5. Farið verði af stað með þróunarverkefni sem miðar að því að efla samstarf leik- og grunnskóla um málþroska og læsi barna með íslensku sem annað móðurmál í samvinnu við Menntavísindasvið HÍ.

Mikilvægt er að þróa aðferðir í vinnu með börnum með annað móðurmál en íslensku þar sem niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið, m.a. hér á landi, benda til þess að þeim vegni ekki nógu vel í námi síðar meir. Fyrirmyndin að verkefninu gæti verið starfendarannsóknin *Á sömu leið* en meginmarkmið verkefnisins væri að efla færni kennara á báðum skólastigum til að vinna með málþroska og læsi barna með íslensku sem annað mál á mörkum skólastiga um leið og hugað væri að öllum þeim þáttum sem hafa áhrif á tækifæri barna til náms. Lögð er áhersla á að huga að samstarfsflötum við frístundaheimili og nýta þá möguleika sem þar gefast í vinnu með málþroska og læsi.

6. Að skipuð verði verkefnastjórn á skóla- og frístundasviði sem haldi utan um og fylgist með þróun samstarfs um málþroska og læsi á báðum skólastigum.

Verkefnastjórn komi með tillögur um efnisþætti námskeiða og leitist við að miðla upplýsingum til skólasamfélagsins um nýbreytni í samstarfi leik- og grunnskóla ásamt því að fylgjast með framgangi samstarfsverkefna.

Efnisyfirlit


Inngangur	5
1. Vinna starfshópsins – samantekt úr fundargerðum.....	7
1.1. Undirbúningur starfshópsins	7
1.2. Málproski og læsi, skýrsla starfshóps frá 2007	7
1.3. Byrjendalæsi	8
1.4. Skilaboðaskjóðan - Oft er í holti heyrandi nær	8
1.5. Læsi, lykill að andans auði	9
1.6. Kynningar á rannsóknum sem tengjast málproska og læsi.....	10
1.7. Heimsóknir frá leik- og grunnskólum	11
2. Niðurstöður úr könnunum	13
2.1 Verkefni í grunn- og leikskólum	13
2.3 Málproskaskimanir	15
3. Umræður og tillögur starfshópsins	19
Heimildaskrá	23

Fylgiskjöl

Fylgiskjal I Erindisbréf starfshóps um málproska og læsi í leik- og grunnskólum	24
Fylgiskjal II Samstarfsverkefni leik-og grunnskóla árin 2005-2010	25
Fylgiskjal III Önnur verkefni tengd málproska og læsi í leik- og grunnskólum árin 2005-10.....	26
Fylgiskjal IV Viðmið fyrir læsi	28

Inngangur

Á 124. fundi menntaráðs Reykjavíkurborgar, 23. júní 2010, var samþykkt að stofnaður yrði starfshópur á Leikskóla- og Menntasviði sem yrði falið að kanna hvernig unnið væri að eflingu málþroska og læsis í leik- og grunnskólum og koma með tillögur að áframhaldandi samstarfi skólastiganna í þá veru.



Verkefni starfshópsins samkvæmt erindisbréfi voru að:

1. Gera könnun á fjölda samstarfsverkefna um málþroska og læsi milli leik- og grunnskóla og verkefni á sama sviði sem unnin hafa verið í einstökum leikskólum eða grunnskólum s.l. fimm ár.
2. Gera könnun á fjölda þróunarverkefna sem hafa það markmið að efla málþroska og læsi í leik- og grunnskólum s.l. fimm ár og hver árangurinn af þeim hefur verið.
3. Kortleggja hvaða skimanir á málþroska og læsi eru lagðar fyrir tvo elstu árganga leikskólans og tvo yngstu árganga grunnskólans.

Meginhlutverk starfshópsins fólst í að móta tillögur um áframhaldandi samstarf leik- og grunnskóla um eflingu málþroska og læsis.

Fulltrúar í hópnum voru:

- Eiríka Ólafsdóttir, fulltrúi grunnskólakennara
- Fríða Bjarney Jónsdóttir, fulltrúi Leikskólasviðs, formaður starfshópsins
- Guðrún Edda Bentsdóttir fulltrúi Menntasviðs
- Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, fulltrúi Leikskólasviðs
- Sara Björg Ólafsdóttir (frá 01.12.10) og Ásgeir Björgvinsson (til 01.12.10), fulltrúar TOR, Leikskóla- og Menntasviði, starfsmenn hópsins ¹
- Sigrún Inga Mogensen, fulltrúi leikskólakennara

Fundir hópsins

Haldnir voru samtals fjórtán fundir á tímabilinu september 2010 - september 2011. Starfshópurinn lagði sig fram um að kynna sér, á sem fjölbreyttastan hátt, það samstarf og þau verkefni sem þegar eru fyrir hendi og tengjast málþroska og læsi elstu barna leikskólans og yngstu nemendanna í grunnskólanum. Jón Hartmann Elíasson gerði samantekt um helstu málþroska- og læsisverkefni sem unnin hafa verið í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar og öðrum sveitarfélögum (samantekt á

¹ Jón Hartmann Elíasson háskólanemi sat sem fulltrúi TOR í starfshópnum fram í desember og sá m.a. um samantekt á þróunarverkefnum og samstarfsverkefnum um málþroska og læsi.

verkefnum Reykjavíkurborgar, sjá fylgiskjal 2). Sendar voru út spurningakannanir til leik- og grunnskóla þar sem leitað var eftir upplýsingum um verkefni sem lúta að eflingu málþroska og læsis ásamt spurningum um málþroska og lesskimanir sem notaðar eru á báðum skólastigum. Góðir gestir frá leik- og grunnskólum borgarinnar og Menntavísindasviði HÍ komu á fundi hópsins til að kynna verkefni, samstarf og rannsóknir auk þess sem starfshópurinn kynnti sér ýmis innlend og erlend gögn. Fjórir af sex fulltrúum starfshópsins sóttu ráðstefnuna *Læsi lykill að andans auði* sem haldin var á Akureyri 14. -15. september 2010 og voru ýmsar hugmyndir þaðan nýttar í vinnu hópsins og tillögugerð. Rétt er að taka fram að þegar starfshópurinn var stofnaður var ekki búið að stofna nýtt skóla- og frístundasvið og þ.a.l. ekki skoðuð þau tækifæri sem felast í samstarfi við frístundamiðstöðvar og þá sérstaklega frístundaheimili varðandi eflingu málþroska og læsis. Það er hinsvegar mikilvægt að líta til þeirra og leggur starfshópurinn því áherslu á að í öllum tillögnum verði hugað að samstarfsflötum við frístundaheimili og nýttir þeir möguleikar sem þar gefast í vinnu með málþroska og læsi.

Grundvöllur – læsi í víðu samhengi

Í starfsáætlunum Leikskólasviðs og Menntasviðs fyrir árið 2011 er birt verkefnaáætlun menntaráðs í skólamálum til næstu fjögurra ára; *Tíu rauðir þræðir og einn grænn*. Læsi er einn af meginþráðunum í þeirri áætlun en þar kemur fram að eitt af höfuðmarkmiðum menntaráðs sé að efla læsi í víðum skilningi. Í því sambandi er rétt að líta til nýútkominna aðalnámskráa fyrir bæði skólastigin en í sameiginlegum hluta þeirra er fjallað sérstaklega um læsi, einn þeirra sex grunnþátta menntunar sem eiga að endurspeglast í öllu skólastarfinu. Þar kemur fram að læsi hafi löngum verið tengt þeirri kunnáttu og færni sem þarf til að geta lesið og skrifað ritmál. Nútímataekni, tölvur og stafræn tækni af ýmsum toga hefur hinsvegar haft mikil áhrif á það ritunar- og lestrarumhverfi sem blasir við í dag og felur í sér að einstaklingar þurfa að verða læsir á ólíkar tegundir máls en ekki eingöngu ritmálið. Meginmarkmið læsis er þannig samkvæmt nýrri aðalnámskrá „að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á“². Í skýrslu íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu „*Íslenska til alls*“ er lögð áhersla á að börn á leikskóla- og grunnskólaaldri fái nauðsynlega málörvun og íslenskukennslu enda sé



² Aðalnámskrá leikskóla (2011), sameiginlegur hluti bls. 11-12. Sótt af Mennta- og menningarmálaráðuneytið <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3952> 14. júní 2011. Aðalnámskrá grunnskóla (2011), almennur hluti bls. 53. Sótt 27. júní 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3953>

skólakerfið, auk foreldra, það svið þjóðlífsins sem hafi hvað mesta möguleika á að efla færni barna í íslensku³.

Í köflunum hér á eftir er sagt er frá fundum starfshópsins og helstu niðurstöðum þeirra, greint frá niðurstöðum úr spurningakönnun og birt samantekt yfir verkefni sem tengjast málþroska og læsi á hvoru skólastigi fyrir sig en einnig þeim verkefnum sem skólastigin hafa unnið að í samstarfi. Að lokum eru settar fram tillögur starfshópsins.

1. Vinna starfshópsins – samantekt úr fundargerðum

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum funda starfshópsins en í tillögunum sem lagðar eru fram endurspeglast meðal annars sú umræða sem átti sér stað á fundum hópsins og í samræðum við aðila frá leikskólum, grunnskólum og Menntavísindasviði HÍ.

1.1. Undirbúningur starfshópsins

Á fyrsta fundi starfshópsins var farið yfir erindisbréf hópsins, lögð drög að því hvernig best væri að skipuleggja framhaldið og settar niður hugmyndir að spurningum til að senda út til leikskóla og grunnskóla. Starfshópurinn taldi brýnt að skoða sem flest verkefni sem tengjast málþroska og læsi í sem víðustu samhengi til að fá hugmyndir. Rætt var sérstaklega um börn með annað móðurmál en íslensku og lögð áhersla á að a.m.k. ein tillaga starfshópsins beindist sérstaklega að þeim hópi barna.



1.2. Málþroski og læsi, skýrsla starfshóps frá 2007

Á öðrum fundi kynnti Elísabet Helga Pálmadóttir skýrslu starfshóps um málþroska og læsi⁴ í leik- og grunnskólum sem kom út árið 2007. Sá starfshópur vann metnaðarfulla þriggja ára áætlun um eflingu málþroska og læsis í leik- og grunnskólum Reykjavíkur, skipulagði námskeið, hvatti til samstarfs milli skólastiga og skipulagði vinnuhópa í hverfum um málþroska og lestrarnám fyrir leik- og grunnskóla.

³ Íslenska til alls, Tillögur íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu. Sótt af Mennta- og Menningarmálaráðuneytið <http://www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/islenskt-mal/islensk-malstefna/>

⁴ Sjá skýrslu starfshópsins á slóðinni http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/skyrslur/SkyrslaMaloglaesi.pdf

Þá var lagt til að allir leik- og grunnskólar settu sér áætlun til þriggja ára um eflingu málþroska og læsis. Frá 2008 hefur verið hvatt til þess að grunnskólar framfylgi tillögum hópsins og frá 2010 hefur verið lögð sérstök áhersla á að þeir setji sér markmið um að efla málþroska og læsi. Í umræðum um vinnu starfshópsins frá 2007 var rætt um að endurskoða þyrfti fyrirkomulag námskeiða fyrir leik- og grunnskóla um samstarfsverkefni til eflingar málþroska og læsis en ekki var lögð áhersla á að námskeiðin sætu leik- og grunnskólakennarar sem þegar væru í samstarfi. Þetta varð til þess að ekki röðuðust alls staðar saman skólapör úr sömu hverfum og því erfiðara að koma á samstarfsverkefnum í kjölfarið. Þá var rætt um mikilvægi þess að hafa tengilið á Leikskóla- og Menntasviði nú skóla- og frístundasviði, til þess að fylgja eftir tillögum núverandi starfshóps.

1.3. Byrjendalæsi

Þriðji fundur starfshópsins var haldinn í Borgaskóla þar sem Eiríka Ólafsdóttir grunnskólakennari og fulltrúi í hópnum, kynnti verkefnið *Byrjendalæsi*. Meginmarkmið þess er að börn nái góðum árangri í



læsi sem fyrst á skólagöngu sinni. Eiríka lýsti starfinu og sýndi hópnum þau kennslugögn sem hún notar. Aðferðafræði *Byrjendalæsis* felst í því að notaður er svokallaður gæðatexti til að kveikja áhuga nemenda og ýta undir ímyndunaraflað um leið og þeir fá tækifæri til að mynda merkingarbærar tengingar við daglegt líf og skapa nýja þekkingu. Vinna með gæðatextann er í þremur þrepum þar sem byrjað er á að kynnst textanum, orðaforða og inntaki vel. Á öðru þrepi er

unnið með tæknilega þætti móðurmálsins og á lokaprepinu fá börnin tækifæri til þess að tjá sig um og endurskapa upplifun sína á fjölbreyttan hátt. Nánari upplýsingar um *Byrjendalæsi* er m.a. að finna á heimasíðu Háskólans á Akureyri sem hefur þróað og stýrt verkefninu www.unak.is. Árið 2008 hófst innleiðing *Byrjendalæsis* í grunnskólum í Reykjavík. Innleiðingaferlið tekur tvö ár og hafa ellefu skólar þegar lokið innleiðingunni. Veturinn 2010-2011 voru sextán grunnskólar í Reykjavík að vinna eftir aðferðum *Byrjendalæsis* en fimm skólar til viðbótar hefja innleiðingu vinnuaðferðanna í byrjun skólaárs 2011-2012.

1.4. Skilaboðaskjóðan - Oft er í holti heyrandi nær

Fjórði fundurinn var haldinn í leikskólanum Stakkaborg þar sem verkefnið *Skilaboðaskjóðan - Oft er í holti heyrandi nær* var kynnt fyrir starfshópnum. *Skilaboðaskjóðan* er samstarfsverkefni Háteigsskóla og leikskólanna Stakkaborgar, Klambra og Nóaborgar sem hófst sem þróunarverkefni árið 2007 en er

nú hluti af samstarfi leikskólanna og Háteigsskóla. Helstu áherslur í námsferlinu fólust í því að efla samvinnu kennara á báðum skólastigum, stuðla að samvinnu barnanna og reyna nýjar leiðir við að koma á framfæri upplýsingum um nemendur og skólastarf milli skólanna í hverfinu. Auk þess var lögð áhersla á að efla börnin í málefnalegum skoðanaskiptum og nota til þess mismunandi miðlun, s.s. tónlist, talmál, ritmál og myndmál. Nánari upplýsingar um *Skilaboðaskjóðuna* er að finna á slóðinni:



<http://stakkaborg.is/images/stories/Skilabodaskodan%20leidrett.pdf>

1.5. Læsi, lykill að andans auði

Á fimmta fundi starfshópsins var rætt um ráðstefnuna *Læsi, lykill að andans auði* og þau verkefni sem



þar vöktu athygli, ekki síst fyrirlestur og vinnusmiðja fræðikonunnar Helen Wolstencroft. Hún hefur m.a. skrifað handbók fyrir kennara um kennslu fjölhátta texta⁵ (e. multimodal text eða multimodal literacy) en sú aðferðafræði sem bókin byggir á hentar einstaklega vel þegar unnið er með læsi í víðum skilningi. Hér má sérstaklega nefna samstarfsverkefni leikskólans og grunnskólans á Hólum í Hjaltadal

sem fól m.a. í sér vinnu með bókatöskur og lestrarverkefni þar sem yngri og eldri börn í leikskólanum og grunnskólanum lásu saman í pörum. Þá var sagt frá áhugaverðri leið til að skrá og meta framfarir barna í málþroska og læsi með því að gera ferilbók þar sem framfarir í málþroska og bernskulæsi eru skráðar frá því að barn er í leikskóla og þar til það kemur í fjórða bekk. Fulltrúar í starfshópnum kynntu sér einnig rannsóknir Hrafnhildar Ragnarsdóttur, Steinunnar Torfadóttur o.fl. og í framhaldi var ákveðið að fá betri kynningu á þeim fyrir allan starfshópinn. Halldóra Haraldsdóttir kynnti niðurstöður rannsóknar sinnar *Hvað vita börn um læsi við lok leikskóla?*⁶. Niðurstöður eru hliðstæðar fleiri rannsóknum, m.a. rannsókn Rannveigar Oddsdóttur, sem sýna að þekking barna á læsi er töluverð áður en formleg lestrarkennsla hefst. Þá er lögð áhersla á þau áhrif sem heimilin hafa í þróun máls og bernskulæsis barna og mikilvægi þess að skólar og heimili starfi saman að eflingu málþroska og læsis.

⁵ Helen Wolstencroft. (2007). Visual Approaches to Teaching Writing: Multimodal Literacy 5 – 11. Sótt 15. júní 2011 af http://www.amazon.co.uk/Visual-Approaches-Teaching-Writing-Association/dp/1412930340/ref=sr_1_1?s=books&ie=UTF8&qid=1308232190&sr=1-1#

⁶ Halldóra Haraldsdóttir. (2010). Hvað vita börn um læsi við lok leikskóla? Í Helga Ólafs og Hulda Proppé (ritstjórar), *Þjóðarspejillinn 2010*. Sótt 21. júní af http://skemman.is/stream/get/1946/6821/18598/1/53-60_HalldoraHaralds_FELMANbok.pdf

1.6. Kynningar á rannsóknum sem tengjast málþroska og læsi

Á sömu leið

Jóhanna Einarsdóttir prófessor í HÍ og fulltrúi rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna, RannUng⁷ sagði frá verkefninu *Á sömu leið sem er* tveggja ára starfendarannsókn sem hófst árið 2009 í samstarfi Menntavísindasviðs HÍ og Leikskóla- og Menntasviðs Reykjavíkur. Verkefninu var skipt í þrjá mismunandi hluta og fjallaði Jóhanna sérstaklega um þann hluta sem laut að byrjendalæsi, tjáningu og leik. Í verkefninu unnu leik- og grunnskólakennarar úr Rauðaborg og Selásskóla að því að brúa bilið á milli ólíkrar hugmyndafræði í vinnu með málþroska og læsi á hvoru skólastigi fyrir sig. Með þátttöku í rannsókninni gafst kennurum tækifæri til að ræða ólíka nálgun og hugmyndafræði og vinna í kjölfarið verkefni sem miðuðu að því að tengja skólastigin saman með því að samræma betur aðferðir og starfshætti. Í tengslum við verkefnið voru þýdd og staðfærð viðmið um læsis- og ritmálshvetjandi umhverfi (sjá fylgiskjal IV) en þau voru hugsuð sem hvatning fyrir kennara beggja skólastiga til að efla enn frekar áherslur á málþroska og læsi í daglegu starfi en ekki eingöngu í lestrar- og skriftarverkefnum. Þannig gefast góð tækifæri til að gera ritmálið merkingarbært fyrir börnin og tengja það reynslu þeirra, daglegu lífi og félagslegu samhengi⁸.

Þroski leik- og grunnskólabarna: sjálfsstjórn, málþroski og læsi 4-8 ára barna.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir prófessor í HÍ og fulltrúi rannsóknarstofu í þroska, máli og læsi⁹, sagði frá rannsókninni *Þroski leik- og grunnskólabarna: sjálfsstjórn, málþroski og læsi 4-8 ára barna*. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að afla grunnþekkingar á þroskaferli máls, læsis og félagsþroska meðal íslenskra barna á mörkum leik- og grunnskóla. Skoðuð eru tengsl á milli máls, læsis og félagsþroska um leið og reynt er að skoða forspárgildi mælinga á þessum þáttum og þróa mælitæki sem mæla m.a. hlustunarskilning, orðaforða, frásagnarhæfni, málfræði, félagsþroska og sjálfsstjórn. Um langsniðsrannsókn er að ræða þar sem fylgst er með öllum börnunum í a.m.k. þrjú ár. Hrafnhildur segir fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að hægt sé að sjá mikinn einstaklingsmun á börnum á fjórða ári en þá væri strax hægt að grípa inn í. Að mati Hrafnhildar er mikilvægt að skoða læsi í víðu samhengi en leikur og læsi eru nátengd svið sem mikilvægt er að vinna með samhliða. Talmál er undirstaða lesturs og hlustunarskilnings (sem síðan þróast yfir í lesskilning) og eru fjögurra til sex ára börn á mikilvægum aldri til að læra og byggja upp grunn í máli og læsi.

⁷ Sjá heimasíðu RannUng <http://stofnanir.hi.is/rannung/>

⁸ Sjá greinina *Leikur – ritmál – tjáning, Starfendarannsókn um aukið samstarf leikskóla og grunnskóla* í ráðstefnuriti Netlu á slóðinni <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/003.pdf> og áfangaskýrslu um rannsóknina á slóðinni: http://stofnanir.hi.is/rannung/sites/files/rannung/afangaskyrslajepdf_loka.pdf

⁹ Sjá heimasíðu Rannsóknarstofu um þroska, mál og læsi m.a. rannsókn Rannveigar Oddsdóttur, <http://stofnanir.hi.is/mal-lestur/>

Leið til læsis.

Steinunn Torfadóttir lektor við HÍ og Helga Sigurmundsdóttir aðjúnt við HÍ, sögðu frá rannsóknarverkefni sem miðar að því að þróa íslenskt matstæki/skimunarpróf vegna lestrarörðugleika fyrir 1. bekk grunnskóla ásamt eftirfylgni- og stöðuprófum fyrir eldri árganga. Matskerfið kallast *Leið til læsis* og hefur þegar verið kynnt fyrir grunnskólakennurum þó að hluti þess sé enn í vinnslu. Markmið þess er að fylgja eftir kenningum um snemmtæka íhlutun við lestrarvanda/námsvanda barna, finna börn í áhættuhópi og afla upplýsinga um stöðu bekkjarins í heild þannig að hægt sé að mæta þörfum allra nemenda með markvissum hætti¹⁰. Verkefnið skiptist í þrjá meginþætti sem fela í sér rannsókn á innihaldspáttum prófanna, söfnun gagna fyrir aldurstengd viðmið fyrir endanlega útgáfu prófanna og gerð handbóka og margmiðlunarefnis með hugmyndum fyrir kennara um hvernig mæta má þörfum nemenda í blönduðum nemendahópum. Matskerfið er enn í þróun og þó að það sé ætlað kennurum á yngsta stigi grunnskólans þá er stefnt að því að fylgjast með nemendum upp í 10. bekk.

1.7. Heimsóknir frá leik- og grunnskólum

Brú milli skólastiga, þátttaka í töfraheimi

María Haraldsdóttir grunnskólakennari í Víkurskóla og Linda J. Steingrímsdóttir og Heiða Sigurðardóttir leikskólakennarar í Hömrum, sögðu frá samstarfsverkefninu *Brú milli skólastiga, þátttaka í töfraheimi*¹¹ sem hófst árið 2006 og hlaut styrk úr þróunarsjóði menntaráðs. Markmið þess er að efla enn frekar samvinnu leik- og grunnskóla ásamt því að undirbúa börnin betur fyrir næsta skólastig með stafabjálfun, talnaskilningi og hugtakabjálfun.



Samstarfsverkefnið er mótað út frá hugmyndafræði söguaðferðarinnar (e. Storyline) sem er skosk kennsluáðferð. Leikskólakennari og grunnskólakennari vinna saman með elstu börnunum og er vetrinum skipt upp í tvö þematengd verkefni sem lýkur með kynningu og sýningu fyrir foreldra. María, Heiða og Linda lögðu áherslu á að með þessu samstarfi tækist að miðla hugmyndafræði og verkefnum á milli skólastiga, undirbúningur barnanna í leikskólanum og kennslan fyrsta árið í grunnskólanum mynda samfellu og börnin eignast hlutdeild í Víkurskóla um leið og þau kynnast vel starfsfólki og umhverfi skólans.

¹⁰ Sjá umfjöllun um Leið til læsis á slóðinni http://stofnanir.hi.is/mal-lestur/throun_islensku_skimunarprofi_vegna_lestrarordugleika

¹¹ Frekari upplýsingar um verkefnið má finna á heimasíðu Víkurskóla á slóðinni: http://www.vikurskoli.is/index.php?option=com_content&view=article&id=177&Itemid=257 og heimasíðu Hamra á slóðinni: http://www.hamrarnir.is/index.php?option=com_content&view=article&id=83&Itemid=56

Orð af orði, orðs ég leitaði

Guðrún Grímsdóttir, sérkennslustjóri í leikskólanum Reynisholti, ásamt Þorgerði Guðmundsdóttur sérkennara og Hrafnhildi Halldórsdóttur talmeinafræðingi í Sæmundarskóla kynntu verkefnið *Orð af orði, orðs ég leitaði*. Guðrún Sigursteinsdóttir sérkennsluráðgjafi í þjónustumiðstöðinni Breiðholti, er verkefnisstjóri en hún á hugmyndina að verkefninu sem hófst 2008 og er hugsað til þriggja ára. Í leikskólanum er unnið í skipulögðum stundum þar sem unnið er í gegnum námsgögnin *Sögugrunninn* og *Orðahljóð* að fimm áhersluþáttum, þ.e. hlustun, frásögn, hljóðvitund, bókstafsþekkingu og hlutverkaleik. Auk þessa er verkefnið tengt lífsleikninni sem unnið er með í leikskólanum. Valdar eru bækur sem tengjast þeirri dyggð sem unnið er með í leikskólanum hverju sinni og fá börnin að taka þær heim. HLJÓM2 er notað til að skima öll börn í elsta árgangi en því síðan fylgt eftir með málörvun og prófað aftur að vori. Ekki eru notuð önnur skimunartæki í leikskólanum.

Þorgerður og Hrafnhildur telja þann grunn sem börnin hafa fengið í Reynisholti skipta mjög miklu máli fyrir áframhaldandi lestrarnám í Sæmundarskóla. Þar eru börnin skimuð með nokkrum ólíkum greiningartækjum og borin saman við börn úr öðrum skólum en þær niðurstöður eru yfirleitt börnunum úr Reynisholti í vil. Um leið gefst grunnskólanum tækifæri til að prófa börnin enn frekar til að fylgjast með námsárangri þeirra þar sem miklar upplýsingar liggja fyrir strax í fyrsta bekk. Það er sýn þeirra sem taka þátt í þessu verkefni að það sé hvatning fyrir bæði skólastigin að kynna sér betur það sem verið er að gera á hvoru skólastigi um sig um leið og það felur í sér aukið faglegt samráð.

Leikur og ritmál

Sigrún Birgisdóttir leikskólustjóri í Ægisborg kynnti starf leikskólans með *Leik og ritmál*. Hún segir vinnuna í Ægisborg byggjast á því að vinna með læsi í víðu samhengi og hvernig það að tala og hlusta sé allt hluti af því að vera læs. Vinnuaðferðir til að efla málþroska barna byggja á leik og er ólíkur efniviður notaður til þess að gera hann innihaldsríkari og betur til þess fallinn að efla málþroska og læsi. Allir hlutir sem hafa merkingu fyrir börnin eru merktir, börnin taka þátt í að skrifa í dagbók, koma með bréf að heiman sem foreldrar hjálpa þeim að skrifa og gera bækur um ýmis verkefni og ferðir sem þau taka þátt í svo eitthvað sé nefnt. Í leik og ritmálsvinnu með börnunum er unnið út frá daglegri reynslu þeirra og fylgst grannt með því hvort þau séu að sýna „eðlilegar“ framfarir en börnin safna gögnum í ferilmöppur sem gerir þeim sjálfum, foreldrum þeirra og starfsfólki kleift að fylgjast með framförum í málþroska og læsi¹².

¹² Leikskólinn Ægisborg var einn þeirra leikskóla sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gerði úttekt á í skýrslu um málumhverfi og lestrarnám barna í 10 leikskólum. Sjá nánar: <http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/6152>

Ótrúleg eru ævintýrin

Elín Mjöll Jónasdóttir leikskólastjóri og Jóhanna Ragnarsdóttir leikskólakennari í leikskólanum



Dvergasteini kynntu verkefnið *Ótrúleg eru ævintýrin* en það er unnið í samstarfi allra barna, starfsfólks og foreldra á hverjum vetri og hefur verið í gangi í rúm tíu ár. Helstu markmiðin eru að efla málvitund barna, auka orðaforða þeirra, málskilning og leikni í að tjá sig á fjölbreyttan hátt. Einnig að börnin kynnist algengum vísum og sögum og kjarngóðu íslensku máli, geti yfirfært það í daglegt tal, verði hugsandi og forvitin um

ýmis fyrirbæri og læri að hugsa gagnrýnið og skapandi. Starfsfólk leikskólans velur í sameiningu eitt ævintýri, gerir orðalista yfir flókin orð og setur niður hugmyndir um það hvernig hægt er að tengja vinnu með ævintýrið inn í öll námssvið leikskólans. Sagan er send heim til foreldra ásamt orðskýringum og smám saman fangar ævintýrið alla starfsemi leikskólans ásamt því að birtast í leik barnanna og samræðum þeirra við hvert annað og fullorðna bæði í leikskólanum og heima.

2. Niðurstöður úr könnunum

Samkvæmt erindisbréfi hópsins var spurningalisti sendur skólastjórnendum í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar í október 2010 til að kanna fjölda samstarfsverkefna um málþroska og læsi milli skólastiganna og verkefni á sama sviði sem unnin hafa verið í einstaka leikskólum eða grunnskólum síðastliðin fimm ár. Þá var spurt um notkun á málþroskaskimunum sem lagðar hafa verið fyrir tvo elstu árganga leikskólans og tvo yngstu árganga grunnskólans. Svör bárust frá öllum skólunum. Einnig var tekið saman yfirlit yfir þróunarverkefni, tengd málþroska og læsi, sem unnin hafa verið í leik- og grunnskólum borgarinnar (sjá töflu 1).

2.1 Verkefni í leik- og grunnskólum

Samstarfsverkefni leik- og grunnskóla um málþroska og læsi á árunum 2005 til 2010 voru átta eins og sjá má í fylgiskjali II. Þá nefndu átján svarendur í grunnskólum og níu í leikskólum önnur verkefni tengd málþroska og læsi eins og sjá má í fylgiskjali III. Af þeim verkefnum má helst nefna *Byrjendalæsi* en það var nefnt í ellefu grunnskólum, *Orð af orði* í fimm grunnskólum og *Sögugrunnur* í tveimur leikskólum. Þá voru verkefni í samstarfi við þjónustumiðstöðvar nefnd í tveimur leikskólum. Samtals nítján þróunarverkefni tengd málþroska og læsi voru styrkt af þróunarsjóði leik- og grunnskóla. Þar af tengdust fjögur þeirra samstarfi leik- og grunnskóla (sjá töflu 1).

Tafla 1. Þróunarverkefni í Reykjavík sem fengu styrk úr Þróunarsjóði leikskóla og Þróunarsjóði grunnskóla

Skóli	Ár	Verkefni/lýsing á verkefni og markmið
Ártúnsskóli	2005	Áhrif sandleiks og sögugerðar á sjálfsmynd og lestrargetu nemenda með frávík í lestrarfærni
Öskjuhlíðar-skóli	2005	Einstök lestrarkennsla
Ártúnsskóli	2006 2007	Áhrif sandleiks og sögugerðar á sjálfsmynd og lestrargetu nemenda með frávík í lestrarfærni
Vogaskóli	2007	Heildstæð lestrarstefna í Vogaskóla Að festa heildstæða lestrarstefnu í sessi í skólanum.
Háteigsskóli /Klambrar, Nóaborg, Stakkaborg	2007	Skilaboðaskjóðan
Breiðholts-skóli	2008	Markviss notkun fjölþátta lesskilningsaðferða
Öskjuhlíðar-skóli	2008	Lesum saman af hjartans list
Víkurskóli/ Hamrar	2008	Einstaklingsmiðuð skólabyrjun Samstarfsverkefni leik- og grunnskóla.
Álftamýra-skóli	2009	Lestur og ritunarfærni í 4.-7. bekk í anda Ardleigh Green. Að auka lestrar- og ritunarfærni nemenda í 4. - 7. bekk.
Rauðaborg/ Selásskóli	2009	Á sömu leið. Starfendarannsókn um samstarf leik- og grunnskóla með áherslu á málþroska og læsi.
Breiðagerðis-skóli	2009	Samvinna árganga Að efla samvinnu og tengsl milli árganga á yngsta stigi (2. – 4. bekkur).
Hamraskóli	2009	Vegvísir í íslensku, 1. -5. bekkur Að móta heildstæða, samfellda íslenskukennslu í 1. – 5. bekk.
Korpuskóli	2009 2012	L-9 Lestur í grunnskólum Grafarvogs 2009-2012 Að setja fram sameiginlega lestraráætlun til þriggja ára í grunnskólum Grafarvogs.
Langholts-skóli	2009	Góður, betri, enn betri í lestri Að auka áhuga á lestri í samfélaginu öllu.
Laugalækjar-skóli	2009	Þróun verkferla í læsi og ritun í 7.-10. bekk Að búa til verkferla í læsi og ritun í öllum árgöngum skólans þannig að þeir myndi eina heild.
Seljaskóli	2009	Lesskilningur-lífsgæði Að skapa samfellu í lestrarnámi í 1.- 4. bekk í Seljaskóla.
Sæmundar-skóli	2009	Samræmd vinnubrögð í íslensku í Sæmundarskóla – áhersla á læsi Að gera samræmda skólanámskrá í lestri og lesskilningi í Sæmundarskóla.
Sæmundar-skóli/Reynisholt	2009	Eflum tengsl skólastiga varðandi mál og lestrarnám. Athugun á framvindu máls og lestrarnáms barna sem tekið hafa þátt í þróunarverkefninu „Orð af orði, orðs ég leitaði“ á leikskólanum Reynisholti.
Öskjuhlíðar-skóli	2009	Lesum (öll) saman af hjartans list. Lesið af hjartans list: a) tilraunakenna nýtt námsefni, b) efla lestrargetu, c) auka lesskilning, d) gera tilraun með lesver (þ.e. blandaður nemendahópur með aðkomu nýbúa).

Niðurstöður lágu fyrir úr skýrslum fjögurra verkefna þegar samantektin var gerð. Verkefnið „*Vegvísir í íslensku, 1.-5. bekkur*“ sem unnið var í Hamraskóla hafði meðal annars það að markmiði að móta heildstæða, samfellda íslenskukennslu í 1.- 5. bekk. Í niðurstöðunum kom fram að nemendur voru ánægðari, lærðu meira og agavandamál voru hverfandi.

Í verkefninu „*Góður, betri, enn betri í lestri*“ sem unnið var í Langholtsskóla var markmiðið að auka áhuga og árangur nemenda í lestri og að þeir bættu árangur sinn hvað varðar lesskilning og leshraða. Kennarar á yngsta stigi voru á námskeiði, sem spannaði allan veturinn 2009-2010, um læsi og lestrarkennslu á vegum Háskóla Íslands og Menntasviðs Reykjavíkurborgar. Í kjölfarið urðu umtalsverðar breytingar á kennsluháttum í lestri og kennslan varð markvissari. Á komandi árum mun koma í ljós hvort breytingarnar skili sér til nemenda.

Í verkefni Víkurskóla og Hamra „*Einstaklingsmiðuð skólabyrjun*“ var markmiðið að upphaf skólagöngunnar yrði einstaklingsmiðuð og að samvinna leik- og grunnskóla yrði eflað. Niðurstöður sýndu að skilin virtust áreynsluminni og að markmiðin höfðu náðst. Fram kom að fyrsti árgangur í Víkurskóla sem fór í gegnum verkefnið kom mjög vel út námslega vorið 2008 en að tíminn verði að leiða í ljós hvort það sé að þakka beinum árangri af verkefninu eða hvort um tilviljun sé að ræða. Til þess að hægt verði að skoða slíkt markvisst þarf að vera hægt að bera saman niðurstöður barna úr fleiri árgöngum eftir fyrsta ár þeirra í Víkurskóla.

Þá lágu fyrir fyrstu niðurstöður úr verkefni Reynisholts og Sæmundarskóla, „*Orð af orði, orðs ég leitaði*“. Þær benda til þess að snemmtæk íhlutun í leikskóla hafi jákvæð áhrif á nám barna í grunnskóla (sjá einnig kafla 1.7). Börnin sem koma í Sæmundarskóla úr Reynisholti voru borin saman við börn úr öðrum leikskólum og sýndu niðurstöður mun á milli hópa á samanburðarlínuriti. Mesti munurinn var á niðurstöðum tengdum hljómvitundarþættinum þar sem geta barna frá Reynisholti mældist meiri en annarra barna. Í samanburði hópanna á lestarprófi að vori, þar sem talin voru rétt lesin atkvæði á mínútu, lásu börn úr Reynisholti fleiri rétt atkvæði á mínútu en börn úr öðrum leikskólum.

2.2 Málþroskaskimanir

Grunnskólar

Algengasta málþroskaskimunin/lesskimunin sem lögð var fyrir tvo yngstu árganga grunnskólanna var *Læsi* sem notað var í 89% skólanna. Þá var notast við *Boehm* í 64% tilvika, *Told* í 18% og *Tove-Krogh* var notað í 43% grunnskólanna eins og sjá má í töflu 2.

Tafla 2. Málþroskaskimanir/-próf í grunnskólunum

Skóli	Málþroskaskimanir/-próf og lesskimanir/-próf sem lögð eru fyrir tvo yngstu árangra grunnskólans
Álftamýrarskóli	Told og Læsi
Austurbæjarskóli	Læsi 1 og 2, Boehm hugtakapróf, málþroskapróf frá talmeinafræðingi.
Ártúnsskóli	Boehm hugtakapróf, Læsi 1, Tove Krogh teikniverkefni, Volapyk, Hreyfiþroskapróf, Læsi 2. Á leið til læsis þegar það kemur út...
Borgaskóli	Boehm hugtakapróf, Told, Læsi, Tove Krogh teikniverkefni.
Breiðagerðisskóli	Boehm hugtakapróf, Tove Krogh teikniverkefni, skimunarpróf talmeinafræðings, Læsi 3x ári hjá 1. og 2. bekk.
Breiðholtsskóli	Boehm hugtakapróf, Tove Krogh teikniverkefni, skimunarpróf talmeinafræðings, Læsi 3x ári hjá 1. og 2. bekk.
Dalskóli	Er verið að stefnumarkna (glænýr skóli) HLJÓM2 f. 5 ára og læsis- og talnaskimun í 1. og 2. bekk.
Fellaskóli	Boehm hugtakapróf, Tove Krogh teikniverkefni, Læsi.
Foldaskóli	Læsis skimanir í 1. og 2. bekk.
Fossvogsskóli	Læsi I og II. Skimun á vegum Menntavísindasviðs, Steinunn Torfadóttir. Skimun talmeinafræðings í 1. bekk.
Grandaskóli	Boem og Læsi
Háteigsskóli	1. bekkur: Könnun á hljóðkerfisvitund, skammtímaminni, stafabekkingu, læsi, stafapróf, stafsetning og hljóðkerfisvitund (sbr. Tyner) 2. bekkur:raddlestrarpróf (ef hægt), stafsetning og hljóðkerfisvitund.
Hlíðaskóli	Tove Krogh teikniverkefni, Læsi og talkennarar málþroskaprófa alla.
Hólabrekkuskóli	Boehm, Tove Krogh teikniverkefni, Læsi og próf í GLH.
Húsaskóli	Málþroskapróf sem talkennari leggur fyrir 1. bekk, lesskimanir í 1. og 2. bekk.
Hvassaleitisskóli	Læsi, Boehm hugtakapróf, Tove Krogh teikniverkefni, lesskilningspróf, hraðlestrarpróf.
Ingunnarskóli	Læsi, Tove Krogh teikniverkefni, málþroskaskimun, og Bohem hugtakapróf.
Klébergsskóli	Læsi og TOLD-málþroskapróf fyrir 6 ára sem talmeinafræðingur leggur fyrir.
Korpuskóli	1. bekkur, Læsi 1:1, 1:2 og 1: 3, Tove Krogh teikniverkefni, stafa- og hraðlestrarpróf, málþroskaskimun fyrir alla nemendur í 1. bekk gerð af talmeinafræðingi og TOLD málþroskapróf hjá þeim á þarf að halda eftir málþroskaskimunina. 2. bekkur, Læsi 2:1 og 2:2, Lesskilningsprófið Lesmál, stafa- og hraðlestrarpróf.
Langholtsskóli	Lesskimun í 1-4 b
Laugarnesskóli	Boehm hugtakapróf, Carlsten, Tove Krogh teikniverkefni og Læsi
Melaskóli	Athugun talkennara. Tove Krogh teikniverkefni Læsi-lesskimunarpróf. Bohem hugtakapróf. Carlsten próf, hljóða- og stafakönnun.
Rimaskóli	Boehm hugtakapróf, Tove Krogh teikniverkefni, skimunarpróf tengd Byrjendalæsi, TOLD, Læsi
Selásskóli	Læsi, Boehm hugtakapróf, Leið til læsins
Seljaskóli	Boehm hugtakapróf og læsis-skimanir frá Menntasviði
Sæmundarskóli	Læsi 1 og 2, Boehm-R hugtakapróf, lestrarskimanir (einstaklings)

	sérkennara þar sem skimaðir eru undirþættir lesturs, Málþroskaskimun 6 ára barna (samin af Hrafnhildi Halldórsdóttur talmeinafræðingi)
Vesturbæjarskóli	Læsi og Boehm
Vogaskóli	1. bekkur. Boehm hugtakapróf, stafakönnun, Læsi og athugun á framburði (talkennari). 2. bekkur Læsi

Niðurstöður úr HLJÓM2 eða öðrum málþroskaskimunum sem gerðar voru í leikskóla fylgdu börnum úr 24 leikskólum yfir í grunnskólann samkvæmt svörum frá grunnskólunum. Fram kom að upplýsingarnar væru mikilvægar fyrir grunnskólana og í fimmtán þeirra var nefnt að sett væri af stað ákveðin aðgerðaráætlun eða fylgst sérstaklega með þeim nemendum sem höfðu fengið laka niðurstöðu úr skimunum í leikskóla. Í svörum frá fimm grunnskólum var nefnt að auk þess sem notast væri við niðurstöður úr skimunum í leikskóla væru einnig gerðar aðrar greiningar innan grunnskólans. Þá nefndi einn aðili að mikilvægt væri að gert væri samræmt skólafærnimat fyrir alla nemendur í Reykjavík í upphafi grunnskólagöngu sem framkvæmt væri af MSR eða kennsluráðgjöfum þjónustumiðstöðva.

Leikskólar

Í öllum leikskólunum að tveim undanskildum var málþroskaskimunin HLJÓM2 notuð og auk þess voru ýmis matstæki til að meta málþroska barna notuð í 23 leikskólum. Þau matstæki sem leikskólar nota eru meðal annars *Íslenski þroskalistinn* sem var notaður í 21% leikskólanna og *Orðaskil* í 15% þeirra eins og sjá má í töflu 3.

Tafla 3. Önnur matstæki til að meta málþroska í leikskólum. ¹³

Matstæki	Hlutfall
Íslenski þroskalistinn	21%
Orðaskil málþroskapróf höfundur: Elín Þöll Þórðardóttir	15%
Smábarnalistinn	12%
STAÐA-FRAMFARIR-FRAMHALD. Handbók fyrir leikskóla um mat á framförum tvítýngdra barna í íslensku. Höfundur: Kolbrún Vigfúsd.	12%
Aðstoð frá þjónustumiðstöð ¹⁴	9%
Kuno Beller þroskalistinn	9%
Annað ¹⁵	21%
	100%

Algengast var að HLJÓM2 væri lagt fyrir öll börn í elsta aldurshópi eða í 93% leikskólanna. Aðrar málþroskaathuganir voru einnig helst lagðar fyrir elsta aldurshópinn eða í helmingi þeirra skóla sem

¹³ Hér er átt við hlutfall af þeim leikskólum sem tilgreindu önnur matstæki en HLJÓM2

¹⁴ Líklega er hér um að ræða aðstoð frá þjónustumiðstöð við að velja matstæki sem hentar.

þær voru lagðar fyrir. Í þriðjungi þeirra leikskóla sem voru með önnur matstæki voru þau lögð fyrir valinn hóp.

Algengast var að málproskamat væri lagt fyrir bæði á haust- og vorönn, eða hjá 47% leikskólanna og á haustin hjá 40%. Í þeim skólum sem nefndu að valið væri hverjir færu í málproskamat var oftast nefnt að allir færu í skimun að hausti sem væri síðan endurtekin að vori fyrir þau börn sem komu illa út eða væru undir meðaltali.

Niðurstöður skimana eða athugana innan leikskólanna voru í flestum tilvikum aðgengilegar leikskólastjórum og/eða deildarstjórum eða í 60% skólanna. Utan leikskólans voru það helst foreldrar sem fengu aðgang að niðurstöðum eða í 55 af þeim 66 sem nefndu utanaðkomandi aðila og í 24 leikskólum fá þjónustumiðstöð eða aðrir sérfræðingar aðgang að niðurstöðum.

Spurt var hvort niðurstöður úr HLJÓM2 fylgdu börnunum yfir í grunnskólann og fengust þau svör að svo væri í nær 90% tilvika. Í 10 skólum var nefnt að niðurstöður úr öðrum skimunum/athugunum en HLJÓM2 fylgdu börnum yfir í grunnskólann.

Í um 90% leikskólanna var sérstakri íhlutun beitt í kjölfar niðurstaðna úr HLJÓM2 og í nær öllum þeirra var skimunin lögð fyrir aftur eftir að íhlutun átti sér stað. Algengast var að íhlutunin fæli í sér að unnið væri í málörvunarhópum eða í um 22,5% leikskólanna. Í 17% tilvika voru foreldrar hafðir með í ráðum og í 16% leikskólanna var leitað til sérfræðinga.

3. Umræður og tillögur starfshópsins

1. **Að samstarfsáætlanir leik- og grunnskóla feli í sér samstarfsverkefni sem miða að því að efla málþroska og læsi.**

Verkefnin byggja á sameiginlegum áherslum beggja skólastiga en taki jafnframt mið af þeim aðferðum í námi barna sem best henta hvoru skólastigi fyrir sig. Litið verði til þeirra verkefna sem þegar er komin reynsla á í Reykjavík. Í aðalnámskrám beggja skólastiga er kveðið á um að kennarar þurfi að kynna sér hvernig nám og starf fer fram á hvoru skólastigi til að skapa samfellu í námi barna. Þá geta kennarar beggja skólastiga lært af vinnubrögðum hvors um sig til hagsbóta fyrir starf sitt með börnum. Mælt er með því að leik- og grunnskólar vinni áætlanir um samstarfið sem einnig feli í sér ákvarðanir um verkferla og ábyrgð á framkvæmdinni¹⁶. Um leið hvetur starfshópurinn til þess að leitað verði eftir samstarfi við frístundamiðstöðvar í slíkum samstarfsáætlunum. Í verkefnaáætlun Reykjavíkurborgar um menntamál er læsi einn af áherslupáttum og stefnt að því að efla læsi í víðum skilningi, m.a. með auknu samstarfi leik- og grunnskóla um byrjendalæsi. Því mælir hópurinn með því að samstarfsáætlanir leik- og grunnskóla nái til samstarfsverkefna sem miða að því að efla málþroska og læsi og að skýrt komi fram í áætlunum hvernig samstarfinu sé háttað og hver beri ábyrgð á hverjum þætti. Einnig komi fram hvernig unnið sé að því að efla samstarf við foreldra um málþroska og læsi barna.

Eins og fram kom í niðurstöðum þeirra kannana sem starfshópurinn lét gera er HLJÓM2 mest notað til að skima fyrir málþroska barna í leikskólum. Misjafnt er hvernig unnið er með niðurstöðurnar og hvernig þær eru nýttar á báðum skólastigum til að taka ákvarðanir um áframhaldandi nám. Eins og þeir sérfræðingar, sem hópurinn leitaði til, bentu á er mikilvægt að hugað sé að öllum þáttum málþroskans en ekki einblínt á hljóðkerfisvitund sem einhlítan mælikvarða á málþroska barna. Því mælir starfshópurinn með því að nýttar séu fjölbreyttari leiðir til að meta málþroska barna og að ef leikskólar noti málþroskaskimanir sé það gert í markvissum tilgangi barninu til hagsbóta. Margar aðrar leiðir eru færar til að fylgjast með og meta málþroska barna á leikskólaaldri. Ein þeirra er að safna og skrá upplýsingar um málþroska og læsi í e.k. ferilbók sem fylgt gæti barninu á milli skólastiga og jafnvel lengur.

¹⁶ Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti (2011), bls. 53 Sótt 27. júní 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3953>. Aðalnámskrá leikskóla, almennur hluti (2011). Sótt 27. júní 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3952>.

2. Að haldin verði námskeið sem miða að því að hvetja leik- og grunnskóla í sömu hverfum til að taka ný skref í samstarfi um málþroska og læsi.

Lögð verði áhersla á að kennarar samstarfsskóla á báðum skólastigum sækji námskeiðin saman. Á námskeiðunum verði m.a. kynnt samstarfsverkefni sem þegar hafa gefið góða raun, ásamt rannsóknum og verkefnum sem miða að því að efla málþroska og læsi á báðum skólastigum. Hér verði m.a. byggt á reynslu af námskeiðinu sem haldið var í kjölfar vinnu starfshópsins um málþroska og læsi sem skilaði niðurstöðum árið 2007. Þar áttu skólapör úr sömu hverfum, sem sóttu námskeiðið, mun auðveldara með að skipuleggja samstarfsverkefni en þeir sem ekki voru með sínum samstarfsaðilum á námskeiðinu.

3. Að skóla- og frístundasvið standi fyrir ráðstefnu um málþroska og læsi á mörkum skólastiga árið 2012 í samvinnu við Menntavísindasvið HÍ.

Á ráðstefnunni verði fjallað um málþroska og læsi í tengslum við nýjar áherslur í aðalnámskrám beggja skólastiga. Einnig verði horft til áhugaverðra verkefna og rannsókna, jafnt erlendra sem innlendra, sem tengjast málþroska og læsi. Mikil þróun hefur orðið á undanförunum árum á þeim aðferðum sem talðar eru vænlegar til árangurs þegar kemur að því að efla málþroska og læsi, auk þess sem nýjar rannsóknir og mælitæki til að meta málþroska þarfnast kynningar og umfjöllunar fyrir þá sem starfa í skólasamfélaginu.

4. Við næstu úthlutun þróunarstyrkja verði lögð sérstök áhersla á þróunarverkefni sem hafa það að markmiði að auka samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila um málþroska og læsi.

Litið verði til þeirra grunnþátta menntunar sem fram koma í nýjum aðalnámskrám og verkefnaáætlunar menntaráðs um læsi í víðu samhengi. Í sameiginlegum hluta aðalnámskrár fyrir öll skólastig er fjallað um læsi sem einn af grunnþáttum menntunar og þess getið að á fyrstu skólastigum skuli sérstök áhersla lögð á lestur, ritun og tjáningu á móðurmáli og öðrum helstu táknkerfum og að kennsluaðferðir þurfi að efla sköpun, gagnrýni og virkni nemenda. Jafnframt er lögð áhersla á læsi á mismunandi miðla- bóklæsi, fjölmiðlun, stafræna miðlun, myndmál og hljóðheim. Einnig verði hugað að fjölbreyttum leiðum til að koma til móts við mismunandi þarfir ólíkra einstaklinga og hópa.

Eins og fram kom í máli þeirra sérfræðinga sem starfshópurinn leitaði til er mikilvægt að tengja ritmál og talmál inn í öll verkefni og daglegt starf með yngstu börnunum. Mælt var með því að sett væru viðmið um að efla læsi í öllu daglegu starfi og skapa ritmálsvænt umhverfi í stað hefðbundinna skólaverkefna. Innleiðing slíkra viðmiða og verkefna gæti orðið að þróunarverkefni milli leik- og grunnskóla í sama hverfi.

Sem dæmi um verkefni sem miða að því að efla málþroska og læsi í víðu samhengi má nefna tölvutengd samstarfsverkefni þar sem nútíma upplýsinga- og samskiptatækni er notuð, verkefni þar sem unnið er með málþroska og læsi í útikennslu og þau tengd umhverfis- og náttúrulæsi eða samstarfsverkefni sem miða að því að tengja daglegt líf og nærumhverfi barnanna, s.s. bókasöfn, lista- og menningarstofnanir við málþroska og læsi.

5. Farið verði af stað með þróunarverkefni sem miði að því að efla samstarf leik- og grunnskóla um málþroska og læsi barna með íslensku sem annað móðurmál, í samvinnu við Menntavísindasvið HÍ.

Samkvæmt niðurstöðum rannsókna, bæði innlendra og erlendra, eru fjölmargir þættir sem hafa áhrif á hversu vel börnum með annað móðurmál gengur að tileinka sér meirihlutamálið á hverjum stað. Meiri líkur eru til þess að hægt sé að jafna tækifæri allra barna til náms ef hugað er að öllum þáttum skólastarfsins en ekki einblínt á einn afmarkaðan þátt, s.s. kennslu íslensku sem annars máls¹⁷. Starfshópurinn leggur því áherslu á að í þróunarverkefni, um málþroska og læsi barna með íslensku sem annað móðurmál, verði hugað að sem flestum þáttum skólastarfsins, inntaki, umgjörð, efnivið, námskrám og aðferðum kennara sem og samstarfi skólastiga, upplýsingagjöf og foreldrasamstarfi. Um leið verði hugað að samstarfi við frístundaheimili og kannaðir þeir möguleikar sem þar gefast í vinnu með eflingu málþroska og læsis. Fyrirmyndin að verkefninu gæti orðið starfendarannsóknin *Á sömu leið* en markmiðið væri að efla færni kennara á báðum skólastigum og starfsfólk frístundaheimila til að vinna með málþroska og læsi barna með íslensku sem annað mál á mörkum skólastiga. Mikilvægt er að þróa aðferðir í vinnu með börnum með annað móðurmál en íslensku þar sem niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið, m.a. hér á landi, benda til þess að börnum með annað móðurmál en íslensku vegni ekki nógu vel í námi¹⁸. Hópurinn leggur til að farið verði af stað með slíkt verkefni í samstarfi grunnskóla og leikskóla í Efra-Breiðholti þar sem er hátt hlutfall barna af erlendum uppruna í leik- og grunnskólum. Verkefnið komi til með að tengjast tillögu sem samþykkt var á fundi borgarráðs nr. 5162, sem haldinn var 18. apríl 2011, um að leggja bæri áherslu á að auka samstarf í Efra-Breiðholti í skóla- og frístundastarfi til að efla félagslegan jöfnuð, árangur og vellíðan barna og það verði tengt átaksverkefninu „111 Reykjavík“.

¹⁷ Bórkur Hansen og Hanna Ragnarsdóttir, 2010; Birna Arnbjörnsdóttir, 2010.

¹⁸ Nína Magnúsdóttir, 2010; Sigríður Ólafsdóttir, 2010.

6. Að skipuð verði verkefnisstjórn á skóla- og frístundasviði sem haldi utan um og fylgist með þróun samstarfs um málþroska og læsi á báðum skólastigum.

Í verkefnisstjórn sitji fulltrúar frá fagskrifstofum og kennurum á báðum skólastigum sem og fulltrúar frístundamiðstöðva. Verkefnisstjórn komi með tillögur um efnisþætti námskeiða sem miði að því að hvetja leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar í sömu hverfum til að taka ný skref til að efla málþroska og læsi (sbr. tillaga nr. 2). Verkefnisstjórnin hafi jafnframt það hlutverk að fylgjast með framgangi samstarfsverkefna, ásamt því að safna og miðla upplýsingum til skólasamfélagsins um nýbreytni í samstarfi leik- og grunnskóla varðandi eflingu málþroska og læsis. Lögð er áhersla á að verkefnisstjórnin verði í samstarfi við Rannsóknarstofu um þroska, mál og læsi og Rannsóknarstofu um menntun ungra barna (RannUng) um þróun og nýbreytni í eflingu málþroska og læsis á mörkum skólastiga.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla. (2011). Sótt 27. júní 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3953>
- Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Sótt 27. júní 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3952>
- Anna M. Hreinsdóttir, Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir (2010). Leikur – ritmál – tjáning. Starfendarannsókn um aukið samstarf leikskóla og grunnskóla. *Netla, vef tímarit um menntun*. Sótt 2. maí 2011 af <http://netla.khi.is/menntavika2010/alm/003.pdf>
- Á sömu leið. (2011). Áfangaskýrsla um rannsóknina sótt 26. október 2011 af http://stofnanir.hi.is/rannung/sites/files/rannung/afangaskyrslajepdf_loka.pdf
- Birna Arnbjörnsdóttir (2010). Skólar og fjölskyldur sem málsamfélög. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmennning og skólastarf* (bls. 315-336). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmennningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan
- Björg Eiríksdóttir (1993). *Söguaðferðin. Lokaverkefni fyrir Diploma Inservice Awards Scheme við University of Strathclyde*. Reykjavík: Höf.
- Börkur Hansen og Hanna Ragnarsdóttir (2010). Fjölmennning og þróun skóla. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmennning og skólastarf* (bls. 17-37). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmennningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Guðmundur B. Kristmundsson (2010). Molar um læsi. Í Svanhildur Kr. Sverrisdóttir (ritstjóri), *Skíma, málþagn móðurmálskennara*. 2(33).
- Halldóra Haraldsdóttir (2010). Hvað vita börn um læsi við lok leikskóla? Í Helga Ólafs og Hulda Proppé (ritstjórar), *Þjóðarspegillinn* 2010. Sótt 21. júní 2011 af http://skemman.is/stream/get/1946/6821/18598/1/53-60_HalldoraHaralds_FELMANbok.pdf
- Helen Wolstencroft (2007). *Visual Approaches to Teaching Writing: Multimodal Literacy 5-11*. Sótt 15. júní 2011 af http://www.amazon.co.uk/Visual-Approaches-Teaching-Writing-Association/dp/1412930340/ref=sr_1_1?s=books&ie=UTF8&qid=1308232190&sr=1-1#
- Íslenska til alls, tillögur íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu. (2009). Sótt 28. ágúst 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/islenskt-mal/islensk-malstefna/>
- Nína V. Magnúsdóttir (2010). „Allir vilja eignast íslenskar vinir“ Hverjar eru helstu hindranir á vegi erlendra grunns- og framhaldsskólanemenda í íslensku skólakerfi? Óbirt M.Ed. ritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið, Reykjavík.
- Rósa Eggertsdóttir, Jenný Gunnbjörnsdóttir og Þóra Rósa Geirsdóttir (2010). Byrjendalæsi: lestur eða læsi. Í Svanhildur Kr. Sverrisdóttir (ritstjóri), *Skíma, málþagn móðurmálskennara*. 2(33).
- Sigríður Ólafsdóttir (2010). Íslenskur orðaforði íslenskra grunnskólanema sem eiga annað móðurmál en íslensku. Óbirt M.Ed. ritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið, Reykjavík
- Skýrsla um málumhverfi og lestrarnám barna í 10 leikskólum. (2011). Sótt 30. sept 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/6152>

Fylgiskjal I Erindisbréf starfshóps um málþroska og læsi í leik- og grunnskólum

Erindisbréf
Heiti vinnuhóps: Málþroski og læsi í leik- og grunnskólum
Ábyrgðarmaður: Ragnhildur E. Bjarnadóttir
Hlutverk: Móta tillögur um áframhaldandi samstarf leik- og grunnskóla um eflingu málþroska og læsis
Helstu verkefni: • Gera könnun á fjölda samstarfsverkefna um málþroska og læsi milli leik- og grunnskóla og verkefni á sama sviði sem unnin hafa verið í einstökum leikskólum eða grunnskólum s.l. fimm ár. • Gera könnun á fjölda þróunarverkefna sem hafa það markmið að efla málþroska og læsi í leik- og grunnskólum s.l. fimm ár og hver árangurinn af þeim hefur verið. • Kortleggja hvaða skimanir á málþroska og læsi eru lagðar fyrir tvo elstu árganga leikskólans og tvo yngstu árganga grunnskólans.
Fulltrúar í vinnuhópi: Fulltrúar frá Leikskólasviði: Fríða B. Jónsdóttir og Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir Fulltrúi frá Menntasviði: Guðrún Edda Bentsdóttir Fulltrúi frá TOR: Jón Hartmann Elísson til 15. nóv. Fulltrúi frá grunnskólakennurum: Eiríka Ólafsdóttir Borgarskóla Fulltrúi frá leikskólakennurum: Sigrún Mogesen Stakkaborg
Formaður vinnuhóps: Fríða Bjarney Jónsdóttir
Starfsmenn: Fulltrúi TOR. Jón Hartmann Elísson til 15. Nóv, Ásgeir Björgvinsson, Sara Björg Ólafsdóttir
Ráðgjöf / samstarf: Tölfræði og rannsóknarþjónusta Leikskóla- og Menntasviðs
Starfstímabil: ágúst 2010 - maí 2011
Skil: til menntaráðs 1. Júní 2011

Fylgiskjal II Samstarfsverkefni leik-og grunnskóla árin 2005-2010

Heiti skóla og verkefnis	Lýsing á verkefni
Hamrar – Víkurskóli Kennsla í gegnum leik/söguaðferðin	Meginmarkmið verkefnisins var að brúa bilið milli leik- og grunnskóla og efla málþroska. Elstu börnin tóku þátt í verkefninu. Kennari úr Víkurskóla er verkefnastjóri og tók þátt í verkefninu með deildarstjórum í leikskólanum. Börnin hafa eina stofu í grunnskólanum til afnota og mæta þangað tvisvar sinnum í viku og vinna ákveðið verkefni. Tvö til þrjú þemu hafa verið tekin fyrir yfir skólaárið og endar svo hvert þema á sýningu þar sөн foreldrum er boðið að koma og horfa á.
Reynisholt - Sæmundarskóli Orð af orði, orðs ég leitaði. Samvinna Reynisholts og Sæmundarskóla	Verkefnið Orð af orði stuðlar að því að efla málþroska barnanna. Verkefnið byggir á því að vinna markvisst með og efla fimm eftirfarandi þætti: hlustun, frásögn, hljóðvitund, bókstafaþekkingu og hlutverkaleik. Unnið verður með þessa þætti í gegnum leik í daglegu starfi með börnunum. Verkefninu er síðan fylgt eftir upp í Sæmundarskóla en þar er fylgst með læsi barnanna fyrstu þrjú árin í grunnskóla.
Sæborg – Melaskóli Samstarf við Melaskóla	Elstu börn leikskólans taka þátt ásamt 1. bekk í grunnskóla. Verkefnið byrjar í nóvember en þá hittast leikskólakennarar og grunnskólakennarar og ræða starfið sem fram fer á báðum skólastigum. Börnin í leikskólanum heimsækja bókasafn Melaskóla og fá að fara í íþróttatíma með 1. bekk, þau fara líka í kirkjuna að sjá helgileik fyrir jólin, einnig heimsækja þau Selið, frístundaheimili, eftir skóla.
Húsaskóli - Brekkuborg Málþroski og læsi	Skólaárið 2006-2007 voru kennarar í 1. bekk ásamt kennurum elstu barnanna á leikskólanum Brekkuborg á sameiginlegu námskeiði á vegum Leikskóla - og Menntasviðs Reykjavíkurborgar. Námskeiðið tók eitt skólaár og voru unnin sameiginleg verkefni og mótuð stefna í sa mvinnu á milli skólanna með það að markmiði hafa meiri samfellu á milli þessara skólastiga. Nemendur á leikskólanum hafa fengið markvissari fræðslu um skólann og skólastarfið.
Selásskóli– Rauðaborg Á sömu leið	Markmið rannsóknarinnar var að auka tengsl leikskóla og grunnskóla, skapa samfellu milli skólastiganna, stuðla að sveigjanleika í skólakerfinu og móta grunn að námskrá fyrir þennan aldurshóp. Rannsóknin var unnin í samstarfi við Leikskóla - og Menntasvið Reykjavíkurborgar.
Háteigsskóli/ Klambrar/ Nóaborg – Stakkaborg Skilaboðaskjóðan	Samstarfsverkefni milli Klambra, Nóaborgar, Stakkaborgar og Háteigsskóla. Lögð áhersla á að efla börnin í málefnalegum skoðanaskiptum og nota til þess mismunandi miðlun s.s. tónlist, .
Hvassaleitisskóli– Austurborg Mikið samstarf við Austurborg.	Markvisst og skemmtilegt samstarf hefur verið milli leikskólans Austurborgar og Hvassaleitisskóla. Hvassaleitisskóli hefur meðal annars gefið þeim ýmis verkefni.
Borgaskóli– Hulduheimar Fram, fram fylking	Samstarfsverkefni Hulduheima og Borgaskóla. Borgaskóli og leikskólinn Hulduheimar hafa nú um tveggja vetra skeið haft víðtæka samvinnu sín á milli varðandi flutninga elstu nemenda leikskólans yfir í grunnskólann. Skipulagið miðar að því að gera þennan flutning sem auðveldastan og þægilegastan fyrir nemendurna.

Fylgiskjal III Önnur verkefni tengd málþroska og læsi í leik- og grunnskólum árin 2005-2010

Leikskóli og verkefni/verkefna	heiti	Lýsing á verkefni
Bakkaborg/Seljakot Verkefni um málþroska og læsi á vegum Þjónustumiðstöðvar Breiðholts		Samstarfsverkefni milli leikskóla í Breiðholti á vegum þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Vinna með hljóð, rím, sögur, skrift, sundurgreinigu orða, samsetningu orða o.frv.
Hof Rannsókn á málþroska og læsi		Þátttakendur í rannsókn á málþroska og læsi 4 til 8 ára barna. Verkefnastjóri Hrafnhildur Ragnarsdóttir
Jöklaborg Í Evrópuverkefni þar sem málþroski og læsi var meðal annars skoðað		Á níu árum var unnið með leik- og grunnskólum í Noregi, Írlandi, Skotlandi, Finnlandi, Belgíu og Þýskalandi. Í því verkefni voru skoðaðar aðferðir til að auka orðaforða barna og hvernig þessir skólar og aðrir sem heimsóttir voru unnu með þennan námsþátt.
Dvergasteinn „Ótrúleg eru ævintýrin“		Námsefni þar sem er fengist við vísur og sögur sem þema eða heild. Efni þeirra og úrvinnsla er tengt sem flestum námsþáttum þannig að vinnan og námið verði sem heildstæðast. Jafnframt er lögð áhersla á að tengja þá umfjöllun sem í gangi er skapandi starfi og efla um leið málvitund barna og málskilning.
Hraunborg Sögugrunnur		Verkefni í læsi sem Guðrún Sigursteinsdóttir hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts leiðir í leikskólum í hvefinu
Kvarnaborg Sögugrunnur, Orðahljóðan, málörvunarhópar, Stig af stigi		
Vesturborg Ég og Vesturbærinn minn í námi og leik		Markmið verkefnisins er að efla umhverfisvitund barnanna á sínu nánasta umhverfi svo þau verði öruggir og sjálfstæðir einstaklingar. Verkefnið stendur yfir haust 2010-2012. Allir taka þátt en elsta deildin er meira afgerandi.
Reynisholt Orð af orði, orðs ég leitaði		Verkefnið stuðlar að því að efla málþroska barnanna. Verkefnið byggir á því að vinna markvisst með og efla fimm eftirfarandi þætti: hlustun, frásögn, hljóðvitund, bókstafsþekkingu og hlutverkaleik. Unnið verður með þessa þætti í gegnum leik í daglegu starfi með börnunum. Verkefninu er síðan fylgt eftir í Sæmundarskóla en þar er fylgst með læsi barnanna fyrstu þrjú árin í grunnskóla.
Álftamýrarskóli Byrjendalæsi		Samstarf skóla í hverfi 2 undir stjórn Guðrúnar Eddu Bentsdóttur og kennsluráðgjafa á Þjónustumiðstöð. Veturinn 2010-11.
Fossvogsskóli Byrjendalæsi		1.- 3. bekkur. Verkefnið hófst haustið 2010 og er unnið í samvinnu við HA, Menntasvið, Þjónustumiðstöð Háaleitis og Laugardals og nokkurra skóla í hverfi 2.
Hvassaleitis-skóli Byrjendalæsi		Verkefnið stendur yfir í samstarfi við Menntasvið, Hverfi II og HA. Verkefnið er unnið í 1.-4. bekk og mun standa yfir í tvö ár. Meginmarkmið verkefnisins er að auka fjölbreytni í lestrarkennslu.
Laugarnes-skóli Byrjendalæsi		Þátttakendur eru nemendur og kennarar í 1.-3. bekk. Samstarfsaðilar eru HA og Menntasvið.
Seljaskóli Byrjendalæsi		Seljaskóli hóf þátttöku í byrjendalæsi sl. haust. Þátttakendur eru kennarar í 1.-3. bekk og sérkennarar. Samstarfsaðilar eru Menntasvið og HA.

Rimaskóli Byrjendalæsi í samstarfi við HA frá hausti 2009	Nemendur í 1. - 3. bekk. Samvirk kennsluaðferð ætluð til lestrarkennslu. Lögð áhersla á mikilvægi þess að kennsluaðferðirnar feli í sér nálgunsem ná til allra þátta
Breiðagerðis-skóli Byrjendalæsi og Orð af orði	Byrjendalæsi í samstarfi við Menntasvið og HA sem 1.-3. bekkur tók þátt í frá árinu 2008 og stendur enn yfir. Orð af orði í samvinnu við HA sem 4. -7. bekkur tekur þátt í frá árinu 2008 og stendur enn yfir. Meginmarkmið verkefnisins er að stuðla að betra læsi til ánægju og náms.
Klébergsskóli Byrjendalæsi og Orð af orði með öðrum grunnskólum í hverfi 4.	Byrjendalæsi er fyrir 1.-3. bekk. Orð af orði fyrir 4.-10. bekk. Bejjakennarar hafa tekið þátt í þessu. Skólinn er í samstarfi við HA. Verkefnið hefur staðið yfir í 1 ár og stendur enn yfir. Markmið Klébergsskóla með verkefninu er að efla lestrarkennslu, innleiða nýjar aðferðir í lestrarkennslu, auka læsi nemenda og bæta námsárangur.
Korpuskóli/ Húsaskóli/ Borgaskóli Byrjendalæsi, Orð af orði	Í þróunarverkefninu Byrjendalæsi eru 1.-3. bekkur, grunnskólarnir í Grafarvogi eru þátttakendur í þessu þróunarverkefni. Verkefnið stendur yfir 2009-2011. Í þróunarverkefninu Orð að orði eru 4.-7. bekkur. Verkefnið stendur yfir 2010-2012. Markmið með Orð af orði er að nemendur efla orðaforða sinn og hæfni til að ráða í merkingu orða, nýti orðasafnið sitt á fjölbreyttan hátt og efla þannig skilning sinn.
Hólabrekku-skóli Gagnvirkur lestur,gerð hugtakakorta GLH og snemmtæka íhlutun	GLH kennsluaðferð frá 1.-10. bekk hófst í samráði við Rósu Eggertsdóttur 2003. Snemmtæk íhlutun, byrjendakennsla í lestri í 1.-4. bekk í samvinnu við Menntasvið og HÍ 2009
Langholtsskóli Námskeið í læsi og lestrarkennslu og Góður, betri, bestur í lestri	Kennarar í 1.-4. bekk
Fossvogsskóli Ritun	Ritun á miðstigi unnið í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Frá hausti 2009 og stendur að hluta til enn. Markmið að efla ritun í skólastarfi.
Ingunnarskóli Skólinn er að vinna að þróunarverkefni varðandi læsi í 1.-10. bekk.	Verkefni hófst haustið 2010 og eru nokkrir kennarar sem stýra verkefninu. Verið er að skoða lestrarkennslu með frekari þróun kennsluhátta í huga til að bæta árangur nemenda og hafa kennsluna markvissari.
Breiðholtsskóli	Byrjendalæsi í samstarfi við Menntasvið og HA sem 1.-3. bekkur tók þátt í frá árinu 2008 og stendur enn yfir. Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Orð af orði í samvinnu við HA sem 4.-7. bekkur tekur þátt í frá árinu 2008 og stendur enn yfir..
Hlíðaskóli Þroski leik- og grunnskólabarna: Sjálfsstjórn, málþroski og læsi	Verkefnið er enn í gangi og er rannsókn sem Hrafnhildur Ragnarsdóttir stýrir. Nemendur sem nú eru í öðrum bekk taka þátt og um langtímarannsókn er að ræða.
Melaskóli Lestrarkennsla og læsi í víðum skilningi með fjölbreyttum kennsluháttum	Vekefnið er í gangi 2010-2011.

Fylgiskjal IV Viðmið fyrir læsi úr rannsókninni *Á sömu leið*.

Tafla 1 Viðmið fyrir læsi	
Að segja sögur – lestur	
- Sýnir áhuga á – og/eða leikur sér með orð og/eða orðatiltæki - Hefur áhuga á – og/eða leikur sér með hrynjanda í tali - Segir frá persónulegri skoðun, ljósmynd, texta og/eða reynslu - Sýnir áhuga á – og/eða skilur og notar ný hugtök - Sýnir áhuga á – og/eða syngur lög og rímar - Setur fram spurningar og/eða röksemdir - Gerir sér grein fyrir merkjum og táknum - Tengir kennimerki (lógó) við merkingu	- Vísar til hluta í umhverfinu - Setur orð á athafnir - Hlustar og tekur virkan þátt í sögustund - Umorðar og/eða veltir sögu fyrir sér - Fylgist með sögum sem önnur börn segja - Hefur áhuga á bókum „Les“ bækur - Er forvitið um orð og bókstafi „Leik-les“ (þykist lesa) - Þekkir rétta lesátt - Þekkir bókstafinn sinn og fjölskyldumeðlima og algeng orð (mamma, pabbi, afi, amma o.s.frv.)
Teikning – skrift – krot	
- Skrifar „leik-skrift“/„barna-skrift“ - Krotar í skriftarstil - Skrifar algeng orð - Notar tölvutæk kennslugögn sem snúa að tungumáli og táknum (tölvuleiki tengda læsi)	- Skrifar á teikningar - Skrifar bókstafi/orð/setningar - Skiptir orðum í atkvæði - Skrifar með og á ólíkan efnivið - Teiknar sögur
Leikir	
- Tekur þátt í hlutverkaleik - Ýkir/leikur með sögu - Semur um hlutverk fyrir hlutverkaleik - Semur sögu/leik með leikföngum og öðrum efnivið	„Leik-skrifar“ í leik „Leik-les“ í leik - Semur um og/eða þróar ramma leiksins - Býr til tákni og efnivið sem nota á í leiknum

Tafla 2 Viðmið fyrir samhengi		
Dæmi um samskipti, athafnir og aðstæður sem skapa grundvöll fyrir læsi í leikskólum og fyrsta bekk grunnskóla		
Samskipti	Viðmót fullorðinna	Einkenni samskipta
• Samskipti milli yngri og eldri barna • Samskipti milli barns og fullorðins (maður á mann)	• Jákvæður í garð barnsins • Nær merkingu barnsins – skilur skilaboðin • Býður upp á samtal – hlustar og svarar • Viðurkenning	• Fangar athygli barnsins • Viðheldur athygli barnsins • Eykur reynslu barnsins, flókna/skýra
Athafnir		Aðstæður
• Hlutverkaleikur • Rammaleikur • Að lesa upphátt • Að skiptast á að lesa upphátt • Teikning		• Efniviður fyrir lestur og skrift • Lestrarsvæði • Skriftar -og teiknisvæði • Hljóð -og hlustunarsvæði • Tölvusvæði